

6
2. febr.

AUGLÝSING

um

**breyting á auglýsingu 26. maí 1915, um samþykkt um stjórn
bæjarmálefna í Reykjavík.**

Samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872 hefir ráðuneytið staðfest eftirfarandi

S a m þ y k t

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík frá 26. maí 1915, sem bærarstjórn kaupstaðarins hefir samið og samþykkt:

Fjárhagsnefnd, fasteignanefnd, vatnsnefnd og gasnefnd skulu skipaðar 4 bæjarfulltrúum auk borgarstjóra.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hjermeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. febrúar 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

7
13. febr.

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð um notkun pósta 25. mars 1925.

Aftan við 5. gr. c. 3 skal bætt nýrri málsgrein sem hjer segir:

„Þó má leggja innan í prentað mál frímerkt umslag, svarsþjald eða póst-
ávisunareyðublað með prentaðri utanáskrift til sendanda hins prentaða máls.“

Í 7. grein í kaflanum með yfirskriftinni: „Ummál“, skal í stað máls-
greinanna, sem byrja með: „Viktin“ og enda á „sagt“ koma nýr kafli svo-
hljóðandi: